

Villingahólskóla 1. desember 1994.

Erindi nr. P 118 1377

komudagur 7 112 1994

**Menntamálanefnd Alþingis.**

## **Athugasemdir Samtaka fámennra skóla um drög að frumvarpi til laga um grunnskóla.**

**A) Athugasemdir við einstakar greinar.**

**3. gr.**

Það er mjög óljóst hvað átt er við að hverjum grunnskóla megi skipta í einingar með ákvörðun hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Í rauninni er hverjum skóla skipt niður í nokkrar einingar, sbr. skiptingu í bekki eða deildir. Í greinargerð er talað um að í heppilegt geti verið að setja sameina mjög fámenna skóla undir einni stjórn. Það er að okkar mati óráðlegt. Samtök fámennra skóla leggja áherslu á að hver skóli skuli vera sjálfstæð stofnun. Þannig má búast við metnaðarfullra starfi en ella, hver skóli vill standa sig sem best. Þegar skóli hættir að verða sjálfstæð eining og verður hluti af stærri stofnun, sem stjórnað er úr fjarlægð er líklegt að starf hans dali. Það er reynsla frænda okkar á hinum Norðurlöndunum a.m.k.

**4. gr.**

Samtökin telja óþarfi að tala um skólasel í lögum um grunnskóla. Skólasel eru fyrirbæri sem er á undanaldi víðast hvar í nágrennalöndum okkar. Reynslan af þeim er ekki góð og því hefur þeim oft verið breytt aftur í sjálfstæða skóla. Miklu nær er fyrir sveitarfélög að stofna litla skóla í stað skólaselja. Þeir eru sjálfstæðar stofnanir og líklegri til að veita nemendum betri menntun en skólasel.

Hér verður að okkar mati einnig að koma skýrt ákvæði um hversu langan tíma á dag hörn mega vera í skólaakstri og einnig hámarksvegalengd frá heimili að skóla.

**9. gr.**

Hér vantar nánari útlitun á efirlitsskyldu ráðuneytisins. Hve oft og hvernig ætlar það að sinna henni.

**22. gr.**

Samtök fámennra skóla telja að skólastjóri verði að hafa eitthvað um það að segja hvort sveitarstjórn geti ráðstafað skólamanntöllum undir aðra starfsemi en skólalald, bæði á og utan starfstíma skóla. Ástæðan er einfaldlega sú að í 1. mgr. 22. gr. segir að dagleg umsjón skólamanntölla sé í höndum skólastjóra. Þetta þarf að koma skýrt fram í lögnum.

**23. gr.**

Aftan við "í fullu starfi", vilja Samtök fámennra skóla bæta "á starfstíma skóla". Ástæðan er sú að ýmsir starfsmenn skóla er aðeins ráðnir þann tíma sem nemendur eru í skólanum. Hér má benda á skólabílstjóra, starfsfólk mótuneyta, ræstingafólk o.s.frv. Einnig leggja samtökin til að þegar starfsmenn eru orðnir átta þá sé orðin þörf á aðstoðarskólastjóra, a.m.k.

f hlutastarf.

Samtök fámennra skóla leggja til að skólustjóri ráði kennara og annað starfsfólk að skólanum. Hann sem stjórnandi stofnunarinnar verður að hafa þetta vald. Verði ekki skýr ákvæði um þetta í lögnum er hætt á að til áreksra og deilna kunni að koma í ýmsum sveitarfélögum, stórum og smáum, skólastarfi til skaða.

57. gr.

Samtök fámennra skóla telja að eins og málum er nú komið, þá beri að fresta flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna. Mikið starf er enn eftir og okkur liggur ekki svo mikið á að ekki borgi sig að fara rólega í sakirnar. Það er mikið í húfi þar sem grunnskólinn er og ekki má rasa um ráð fram. Við skulum vanda þessa breytingu eins og við framast getum, svo að tryggt verði að skólinn verði betri um allt land eftir breytinguna.

B) Aðrar athugasemdir.

1. Inn í lög in vantar ákvæði um hámarksfjölda nemenda í bekkjum og samkennsluhópum. Útilokað er að sleppa slíku ákvæði, t.d. vegna þess að sveitarstjórnarmenn geta haft lítinn skilning á tengslunum milli nemendafjölda í námshópi og námsárangri. Samtökin vilja benda á að tölur þær sem koma fram í 76. gr. í nágildandi grunnskólalögum, eru nokkuð of háar. T.d. er of mikið að vera með 22 nemendur í tveggja árganga samkennsluhópi þegar ekki er gert ráð fyrir því að það séu fleiri en 18 í bekk í 1. bekk.

2. Samtökin fagna því að sveitarfélögin geti framvegis ákveðið að halda uppi keanslu í 9. og 10. bekk í heimaskóla óháð því hve margir nemendur eru í árgangi.

3. Samtökin leggja áherslu á að sveitarstjórnnum og skólanefndum verði tryggð fagleg ráðgjöf varðandi skólamál. Er ekki hægt að koma því í lögum?

4. Námsgagnastofnun hefur verið afar þýðingarmikil stofnun í skólakerfinu. Hún hefur m.a. séð til þess að námsbækur hafa verið ódýrar, en jafnframt vandaðar og góðar. Mikilvægt er að svo verði áfram þannig að börn í öllum sveitarfélögum, líka þeim fátæku, fái góðar námsbækur. Þetta þarf að vera skýrt í lögnum.

Virðingarfyllt,

fyrir hönd Samtaka fámennra skóla

Hafsteinn Karlsson, formaður.